

Valdís Guðrún Gregory hóf ung tónlistarnám í Kórskóla Langholtskirkju. Frá sex ára aldri lærði hún á fiðlu, síðar selló og um skeið stundaði hún píanónám. Í desember 2010 lauk hún bachelor-gráðu með láði frá Hartt School, University of Hartford þar sem kennari hennar var Michele McBride. Hún hefur sótt einsöngstíma hjá Signýju Sæmundsdóttur, Ingveldi Ýri Jónsdóttur, Auði Gunnarsdóttur, Patricia Misslin og Þóru Einarsdóttur.

Sumarið 2010 stundaði Valdís nám við Bel Canto Institute í Flórens á Ítalíu þar sem hún hlaut verðlaun sem veitt eru þeim nemendum sem sýna sérstaka hæfni í að nýta sér stíl og hefðir *bel canto* söngstílsins og hafa tilfinningu fyrir notkun ítalska tungumálsins.

Helstu óperuhlutverk Valdísar eru *Næturdrottningin* í Töfraflautunni, *Mrs. Jenks* í The Tender Land, *Númer 2* og minni hlutverk í L'Enfant et les Sortilèges og *Brahmin* í Lakmé. Valdís hefur haldið einsöngstónleika í Selinu, Stokkalæk og komið fram sem einsöngvari með Hartt Choir og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Guðríður Steinunn Sigurðardóttir útskrifaðist með einleikarapróf í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1978 og fór til framhaldsnáms að Michigan háskólanum í Ann Arbor, þaðan sem hún lauk meistaraþrófi í píanóleik árið 1980. Það sama ár hlaut hún fyrstu verðlaun í píanókeppni á vegum Ann Arbor Society of Musical Arts. Hún sótti einkatíma í píanóleik hjá Günter Ludwig prófessor við Tónlistarháskólann í Köln á árunum 1984 til 1985 og hefur tekið þátt í fjölmörgum tónlistarnámskeiðum. Guðríður hefur haldið fjölda tónleika út um allt land, leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands og komið fram, meðal annars, á vegum Tíbrár í Kópavogi, Tónlistarfélagins í Reykjavík og Kammermúsíklúbsins. Erlendis hefur hún leikið í Kanada, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Sviss og á öllum Norðurlöndunum.

Auk tónleikahalds kennir Guðríður píanóleik við tónlistarskólana í Reykjavík og Kópavogi. Hún lauk MBA (Master of Business Administration) námi frá Háskóla Íslands 2007.

Valdís G. Gregory
sópran

Guðríður St. Sigurðardóttir
píanó



Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana
The Museum café is open after the concert

Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 26. júlí 2011 kl. 20:30

La promessa – Loforðið

Ég mun aldrei hætta að elska þig svo lengi sem ég lifi.

La Pastorella delle Alpi – Hjarðstúlkan úr Ölpunum

Hjarðstúlkan selur ferska ávexti og blóm, en hennar blíðustu hugsanir tilheyra bara einum.

Barbaro! oh Dio mi vedi – Barbari! ó Guð þú sérð mig

Elisa kemst að því að ástin hennar, Amintas, hefur verið krýndur konungur. Aristókratinn Agenor meinar henni aðgang að bústað hans. Í ariunni kallar Elisa Agenor vondan og spyr hvernig hann getur haldið henni í burtu frá ástinni sinni. Svo fer hún að höfða til samkenndar hans og spyr hvers vegna hann vorkenni henni ekki. Hefur hann ekki hjarta?

Piangerò la sorte mia – Ég mun gráta örlög mín

Bróðir Kleópötru hefur sent hana í fangelsi fyrir ráðabrukk. Sorgmædd veltir Kleópatra fyrir sér hvað örlögin hafa gefið henni og þegar hún deyr mun hún koma aftur og ásækja bróður sinn.

Vaga luna, che inargenti – Fagra tungl, sem varpar silfruðum ljóma

Segðu ástinni minni hversu mikið ég sakna hennar. Með hana svo langt í burtu, mun þjáningu minni aldrei linna. Vonin um framtíð með henni er mín huggun.

Per pietà bell'idol mio – Miskunnaðu mér, fallega hetjan mín

Ekki segja mér að ég sé vanþakklát. Ég er trú þér. Ástin veit það, guðirnir vita það og hjörtu okkar vita það.

Ma rendi pur contento – En gerðu samt ánægða

Mér er sama þó hjarta mitt sé ekki hamingjusamt, ef hjarta ástarinnar minnar er ánægt. Ég lifi meira í gegnum hana en sjálfan mig.

Morte io non temo, il sai... – Dauðann ég hræðist eigi

Júlía þarf að velja á milli þess að giftast París greifa eða taka inn eitur sem svæfir hana. Hún syngur um að hún sé ekki hrædd við dauðann, en hún er hrædd um að missa elskhugann sinn, Rómeó, taki hún ekki eitrið.

Caro nome – Kæra nafn

Gilda syngur um ást sína til greifans af Mantua sem hún heldur að sé fátækur námsmaður að nafni Gualtier Maldé.

Il Barcaiolo – Bátismaðurinn

Við siglum yfir tæran sjóinn. Himinninn er blár og allir með bros á vör. Ef óveðrið dregur okkur til dauða munu það verða örlög mín að deyja ánægð því ég var við hlið þér.

Chi il bel sogno di Doretta – Hver er hinn fagri draumur Doretta

Magda syngur um draum skáldsagnarpersónunnar Doretta. Ungur námsmaður kyssir Doretta á svo ástríðufullan hátt að kossinn var opinberun, ástríða, brjáluð ást, brjáluð hamingja! Magda lifir sig svo inn í sögu sína að áhorfendurnir verða helteknir af henni. Magda kallar sýn sína á draum Doretta gullinn draum. „Ó, að geta elskað svona....“

Efnisskrá

| | |
|--------------------------------------|--|
| Gioachino Rossini 1792–1868 | úr Serate musicali La promessa <i>Canzonetta</i> La Pastorella delle Alpi <i>Tirolese</i> |
| Wolfgang Amadeus Mozart 1756–1791 | Barbaro! oh Dio mi vedi <i>Áría Elísu úr Il re pastore</i> |
| George Friedrich Händel 1685–1759 | Piangerò la sorte mia <i>Áría Kleópötru úr Giulio Cesare</i> |
| Vincenzo Bellini 1801–1835 | úr 15 composizioni da camera Vaga luna, che inargenti Per pietà bell'idol mio Ma rendi pur contento |
| Vincenzo Bellini | Morte io non temo, il sai... <i>Áría Júlíu úr I Capuleti e i Montecchi</i> |
| Giuseppe Verdi 1813–1901 | Caro nome <i>Áría Gildu úr Rigoletto</i> |
| Gaetano Donizetti 1797–1848 | úr Composizioni da camera Il Barcaiolo |
| Giacomo Puccini 1858–1924 | Chi il bel sogno di Doretta <i>Áría Mögdu úr La Rondine</i> |

At a young age Valdís **Guðrún Gregory** began her musical studies in a children's choir in Reykjavík. Her first instrument was the violin, later she played the cello and took piano lessons. Valdís graduated *cum laude* with a Bachelor of Music degree from the Hartt School, University of Hartford in December 2010. Her voice teacher at the Hartt School was Michele McBride. She has also studied with Signý Sæmundsdóttir, Ingveldur Ýr Jónsdóttir, Auður Gunnarsdóttir, Patricia Misslin and Þóra Einarsdóttir.

In July 2010, Valdís enrolled at the Bel Canto Institute in Florence where she won an award for her expressiveness in the use of the Italian language, and the ability to incorporate the style and traditions of *Bel Canto*.

Valdís' opera roles include *Queen of the Night* in *The Magic Flute*, *Mrs. Jenks* in *The Tender Land*, *Number 2* and smaller roles in *L'Enfant et Les Sortilèges* and *Brahmin* in *Lakmé*. She sang a recital in Selið at Stokkalækur and has been a soloist with both the Hartt Choir and the Iceland Symphony Orchestra, under the baton of Rumon Gamba.

Guðríður Steinunn Sigurðardóttir earned her solo pianist's degree from the Reykjavík College of Music in 1978. She continued her studies at the University of Michigan in Ann Arbor and graduated in 1980 with a Master's degree in piano performance. That same year she received the Ann Arbor Society of Musical Arts Award. From 1984 to 1985, she took lessons with Professor Günter Ludwig in Cologne, Germany. She has also participated in numerous master classes and courses.

Guðríður has performed in various recital series and has given numerous concerts all around Iceland, including solo performance with the Iceland Symphony Orchestra. She has toured Canada, the United States, Germany, Switzerland and the Nordic Countries. In addition to performing, Guðríður teaches the piano at the Reykjavík College of Music and the Kópavogur Music School.

Guðríður received her MBA (Master of Business Administration) from the University of Iceland in 2007.